

Allur málskostnaður, þar með talin málflytningu-
laun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 8 kr. til
hvors þeirra, greiddist af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í
hjeraði á að vera ómerkt. Málskostnaður allur, þar
með talin málflytningu-
laun til sóknara og svara-
manns fyrir yfirdómi, málflytningu-
mannanna Guð-
laugs Guðmundssonar og Páls Briem, 8 kr. til hvors
þeirra, greiddist af almannafje.

Nr. 3/1889

Benedikt Gröndal
gegn
Sigfúsi Eymundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði útflutningastjóri Sigfús Eymunds-
son fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar gegn
fyrrum skólakennara Benedikt Gröndal fyrir ýmisleg
ummæli í ritlingi einum, er Gröndal hafði samið og gefið
út með fyrirsögninni: «Um Vesturheimsferðir», en hin
átöldu ummæli taldi Sigfús Eymundsson meiðandi fyrir
sig sem umboðsmann og útflutningastjóra fyrir hina
svokölluðu Allanlínu. Dómur var kveðinn upp í máli
þessu í bæjarþingsrjettinum hinn 29. nóvemberm. f. á.
með þeim úrslitum, að nokkur tilgreind ummæli í ritl-
ingnum voru dæmd dauð og ómerk, og Benedikt Grön-
dal dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs, in subsidium
15 daga einfalt fangelsi, fyrir að hafa viðhaft þau, og
auk þess til að greiða 10 kr. í málskostnað. Dómi

Þessum hefur Benedikt Gröndal skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 17. jan. þ. á., og gjört þær rjettarkröfur undir rekstri málsins, að hann verði algjörlega sýknaður af kærnum og kröfum hins stefnda, en að stefndi verði á hinn bóginn skyldaður til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum. Hinn stefndi Sigfús Eymundsson hefur af sinni hálfu gagnáfrýjað sökinni, og krafizt þess, að hið átalda rit, «Um Vesturheimsferðir», verði, að því leyti sem það snertir hann og Allánlínuna, dæmt ómerkt í heild sinni, en sjerstaklega þau orð í því, sem vitnað er til fyrir undirrjettinum, að höfundur þess, aðaláfrýjandinn, verði látinn sæta fangelsisvist eða sektum eptir strangleika laganna fyrir ritlinginn eða hin átöldu orð, og að hann verði dæmdur til að greiða sjer, sem útflutningsstjóra Allánlínunnar, skaðabætur fyrir «Tort og Creditspilde» að minnsta kosti 20000 kr., og til að greiða allan málskostnað fyrir báðum dómum eptir mati rjettarins; til vara er það rjettarkrafa gagnáfrýjanda, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða kostnað málsins fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Ritlingurinn «Um Vesturheimsferðir», sem mál þetta er risið af, er augljóslega eigi þannig ritaður, að hann sje «í heild sinni» eða *allur* meidandi fyrir gagnáfrýjanda, eins og hann hefur farið fram á í aðalkröfu sinni, og verður því að athuga ummæli þau, sem gagnáfrýjandi hefur sjerstaklega tilgreint og átalið sem meidandi, án þess það geti komið til álita, hvort fleiri eða önnur einstök ummæli ritlingsins kunni að vera meidandi. Gagnáfrýjandi hefur tilgreint eptirfylgjandi orð og ummæli og aðdróttanir ritlingsins sem sjerstaklega meidandi fyrir sig: 1) að hann taki «blóðpeninga» af fólki

og auðgi sig á því; 2) reki «mannaverzlun»; 3) tæli menn með svikum og röngum skýrslum til Vesturheimsferða; 4) að hann falsi nöfn eða noti fölsuð nöfn undir auglýsingar og þpakklætisávörp; 5) að hann tæli menn eða kaupi til að skrifa lygabref frá Ameríku; 6) að hann láti vesturfara sæta illri meðferð eða kvölum á sjóleiðinni, og að fólkinu sje á vesturfaraskipunum þjappað saman eins og fje, allt fullt af ódaun og fylu; og loksins 7) beri hann fram ýmsan ósannan óhróður um ástandið á einu vesturfaraskipi, er gagnáfrýjandi afgreiddi hjedan sem útflutningastjóri. Aðaláfrýjandi hefur af sinni hálfu haldið því fram, að hinum átöldu orðum sje eigi beint að gagnáfrýjanda, enda sje hann eigi nefndur á nafn í ritlingnum, og að ummæli ritlingsins sjeu sumpart á fullum rökum byggð og sumpart alls eigi meiðandi. Það er viðurkennt í málinu, að gagnáfrýjandinn sje útflutningsstjóri, og að hann hafi hin síðustu árin starfað meira að fólksflutningum til Vesturheims, en nokkur annar maður hjer á landi, og verður því að álíta, að hann hafi rjett til að átelja þau ummæli ritlingsins, sem stíluð eru til «útflutningastjóranna», «agentanna» og «meðalgangaranna» hjer innanlands, með því að hann er eigi skýlaust undanskilinn, svo framarlega tjeð ummæli eru meiðandi fyrir þá, svo að saknæmt sje. — Þó að aðaláfrýjandi hafi nefnt tekjur útflutningastjóranna «blóðpeninga» og atvinnuveg þeirra «mannaverzlun», þá er þeim með þessu eigi borið á brýn, að þeir reki ólöglega atvinnu, nje að þeir reki atvinnuna sviksamlega, nje að þeir ábatist ólöglega á henni; verða því þessi ummæli, sem eiga að lýsa skoðun aðaláfrýjanda á fólksflutningunum til Ameríku og á hag og kringumstæðum útfaranna, eigi

talin saknæm meiðyrði um gagnáfrýjanda. Að aðaláfrýjandi nokkursstaðar í ritlingi sínum beri útflutningastjórunum á brýn, að þeir tæli menn með svikum og röngum skýrslum til Vesturheimsferða, verður eigi álitid, því að eigi er því farið fram, að þeir semji eða álit semja eða «útbýti gefins» *tælandi landalýsingum*, sem um er getið á 6. bls. ritlingsins, og á bls. 11 virðist því einmitt eingöngu vera beint að Kanadastjórn, að hún tæli menn til útferða. Sömuleiðis er það eigi rjett, að gagnáfrýjanda sje í neðanmálgreininni á bls. 16—17 borið á brýn, að *hann* falsi nöfn eða noti fölsuð nöfn undir auglýsingar og þakklætisávörp, þó að það sje gefið í skyn, að nöfnin kunni að vera uppdiktuð, án þess jafnframt sje vikið að því, hverjir kunni að hafa uppdiktað þau. Þar sem aðaláfrýjandi skrifar á 13. bls. ritlingsins: «Það er auðsjeð, hvernig á öllum þessum hrósrbrjefum stendur; það eru sumpart *meðalgangararnir og þeirra liðar*, sem fá einhverja til að skrifa brjefin, kannske fyrir þóknun, svo þeir fái sem flest fólk, og 10 eða 20 kr. fyrir hvern haus», — en þetta átelur gagnáfrýjandi sem meiðandi sakargipt um að hann tæli menn eða kaupí til að skrifa lygabrjef frá Ameríku—, þá virðist það vafalaust, að þessari klausu sje sjerstaklega beint að útflutningastjórunum eða agentunum, sbr. niðurlag klausunnar (um 10—20 kr. fyrir hvern haus, hinar alþekktu tekjur útflutningastjórnanna), og verður að álíta hana, í sambandi við það sem á undan er komið, meiðandi fyrir þá, þar á meðal fyrir gagnáfrýjanda. — Á hinn bóginn verður eigi sjeð, að aðaláfrýjandi hafi beint þeirri sakargipt að útflutningastjórunum í ritlingi sínum, að þeir láti vesturfara sæta illri meðferð eða kvölum á sjóleiðinni hjeðan, enda er

það nokkuð, sem útflutningastjórnarnir geta ekki ráðið við, en þar sem hann á bls. 15—16 segir um afgreiðslu útflutningsskipanna, «að fólkinu sje þjappað saman eins og fje, allt fullt af ódaun og fýlu, og sú mesta eynd og óprifnaður sem hugsast getur», og að þetta hafi sjerstaklega átt sjer stað, þegar skipið Camoëns var afgreitt hjeðan með útfara í hitt eð fyrra, — en gagnáfrýjandinn annaðist um afgreiðslu þess, — og jafnframt getur þess, að þessu sje þannig varið, hvað sem útflutningsstjórnarnir segja og kunngjöra, þá er þessi sakargipt um ólöglega afgreiðslu skipanna meiðandi fyrir útflutningsstjórana, sem eiga að sjá um það ásamt lækni og lög-reglustjóra, að skiprúmið fyrir vesturfarana sje löglegt. Með því að aðaláfrýjandi eigi hefur sannað það, að hin tilgreindu ummæli, sem álitast meiðandi fyrir gagnáfrýjanda, sjeu á rökum byggð, þá verður eptir kröfu gagnáfrýjanda að dæma þau ómerk, og verður aðaláfrýjandi að sæta sekt til landssjóðs fyrir þau eptir 219. gr. í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 kr., eins og hjeradsdómarinn hefur gjört, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, verði hún eigi öll greidd innan ákveðins tíma. — Með því að engin sennileg rök eru leidd að því, að hinn átaldi ritlingur hafi bakað gagnáfrýjanda atvinnumissi, gjaldtraustsrírnun eða fjártjón á annan hátt, þá verður skaðabótakrafa hans ekki tekin til greina.

Um málskostnað í hjeradi á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður; svo verður aðaláfrýjandi og eptir þessum ástæðum málsins að greiða gagnáfrýjanda 20 kr. sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:

Framantöld meiðandi ummæli um gagnáfrýjandann, Sigfús Eymundsson, eiga að vera dauð og ómerk. Að öðru leyti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Aðaláfrýjandi, Benedikt Gröndal, greiði gagnáfrýjanda upp í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 42/1888

Haraldur Briem

gegn

Stefáni Guðmundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjerði höfðað af hinum stefnda Stefáni Guðmundssyni gegn áfrýjandanum Haraldi Briem fyrir meiðyrði, og var það dæmt í lögreglurjetti Suðurmúlasýslu hinn 9. maímán. 1887. Dómi þessum áfrýjandi Haraldur Briem, eptir að hafa fengið uppreistarleyfi með stefnu, út gefinni 21. sept. f. á. Hinn stefndi hefur krafizt þess, að málinu verði vísað frá rjettinum, með því að eigi sje löglega sannað, að áfrýjunarstefnan hafi verið birt fyrir hjeradsdómaranum. En þótt stefnuvottarnir eigi hafi staðfest birtingarvottorð sitt með innsiglium sínum, þá verður þó að álíta, að með vottorði þeirra sje sannað, að þeir hafi birt stefnuna nægilega fyrir undirdómaranum, en honum hefur eigi verið stefnt til þess að sæta ábyrgð fyrir málsmedferðina í hjerði. Frávísunarkrafan verður því eigi tekin til greina.